

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Dalaland 6, landnr. 213721.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir hámarksstærð húsa allt að 120 m² og allt að 20 m² gestahúsi/geymslu. Breytingin tekur til óverulegrar breytingar á núgildandi byggingarskilmálum deiliskipulags. Nýtingarhlutfall hækkar upp í 0,03 og verður því heimilt að byggja 130 m² frístundahús og allt að 40 m² gestahús/aðstöðuhús. Þakhalli verður frá 0-45 gráðum, hæð á mæni allt að 6 m og hæð veggja allt að 4 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. september 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2019